

Dæmi um stærðfræðikennslu-öpp fyrir I-Pad

Talnalínan æfð: Zoom, Pearl diver og Lobster diver.

Samlagning - frádráttur: Math zombies, Hungry fish, Math kid, Park Math HD

Margföldun – deiling: Metor Math, Multiplication, Math Bingo, Math Ninja, Math zombies.

Almenn brot: Math fraction, Fraction Monster, Fraction walls.

Hornafræði: Jungle Geometry, Tangram wonderland.

Pinnabretti: Geoboard

Nánar um öppin:

Talnalínan æfð:

Zoom; Góð æfing fyrir talnalínu þar sem nemendur þurfa að átta sig á hvaða tölur vantar á talnalínuna og verða því að stækka línuna til að fá rétta talnaröð.

Pearl diver og Lobster diver; kafari kafar niður á rétta tölu og þarf að gæta að fyrirstöðu. Ef talan er rétt þá safnast perla eða humar en ef rangt þá fær spilari ónýtt stígvél.

Samlagning - frádráttur:

Math zombies; afturgöngur sem koma með tölur og ef svarið er rétt þá lifna þær við.

Hungry fish; það koma fram bólur með tölum sem nemendur þurfa að láta fiskinn éta og finna með því rétta útkomu.

Math kid; koma upp dæmi sem þarf að svara og birtast dæmin síðan neðar á síðunni með rétttri útkomu. Ef svar er rangt þá kemur það líka fram með rauðu merki.

Margföldun – deiling:

Multiplication; tveir til fjórir nemendur geta keppt sín á milli og hægt er að velja líka um samlagningu, frádrátt eða blandaðar aðgerðir.

Math Bingo; góð æfing í margföldun þar sem nemendur geta skráð sig inn og séð árangur af æfingum. Koma leikir á milli sem verðlaun.

Almenn brot:

Fraction Monkeys; talnalína með almennum brotum þar sem leikmenn eiga að hengja apa á réttan stað sem heldur á réttu broti.

Fraction walls; æfingar í almennum brotum sem henta einum að spila eða tveimur nemendum. Tveir nemendur geta keppt sín á milli að bera kennsl á almenn brot. Myndrænt sett fram þar sem nemendur sjá brot sem eru jafn stór.

Hornafræði og pinnabretti:

Jungle Geometry; hentar mjög vel til að æfa notkun á gráðuboga og þjálf mælingar í sentimetrum á reglustiku.

Tangram wonderland; æfing í að raða formum eftir fyrirfram ákveðnum skipunum.

Pinnabrettið Geoboard; gefur mikla möguleika í rúmfræði þar sem nemendur geta búið til fjölbreytt munstur með marglitum teygjum.